



SKOÐUN Forsetinn talar eins og bílasali erlendis segir Guðmundur Andri. **15**



MENNING Fyrsta smásagnasafn Davíðs Stefánssonar á sér langan aðdraganda. **20**



LÍFID Þýskt læknarar gefur út þúsluspil um regnboga-fjölskyldur. **30**



SPORT Stjarnan varð meistari í fyrsta sinn eftir ótrúlegan úrslitaleik. **26**



KitchenAid



THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

50 1964-2014
Einar Farestveit & Co. hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • e@ef.is • www.ef.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

6. október 2014
234. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Fækkun bitnar á skólastarfi

Dósent í menntunarfræði við Háskóla Íslands segir fækkun skólastjórnenda í Reykjavík frá bankahruni hafi aukið álag á starfsfólk og bitnað á skólastarfi. **4**

Vilja slíta stjórnarsamstarfi

Samband ungra sjálfstæðismanna segir að slíta eigi stjórnarsamstarfinu nema breytingar verði á andstöðu Framsóknarflokksins við frjáls viðskipti. **2**

Launaskrið þeirra launahæstu

Pau tíu prósent landsmanna sem hafa hæstar tekjur eru með um 35,6 prósent af heildarvinnutekjum. „Sláandi tölur,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. **6**

Eiga að gera 500 milljóna samning gegn eigin vilja

Ráðgert er að endurnýja þjónustusamning við Háholt þrátt fyrir litla sem enga eftirspurn eftir úrræðinu. Barnaverndarstofa segir fjármunum betur varið til byggingar nýs meðferðarheimilis á höfuðborgarsvæðinu.

STJÓRNSÝSLA Velferðarráðuneytið hyggst fela Barnaverndarstofu að endurnýja tæplega 500 milljóna króna þjónustusamning til þriggja ára við meðferðarheimilið Háholt í Skagafirði þrátt fyrir að Barnaverndarstofa sé eindregið á móti endurnýjun samningsins.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR, velferðarráðherra

Meðferðarheimilið er ætlað 15 til 18 ára unglingum sem

eiga í alvarlegum hegðunar- og vímuefnavanda og hafa margir komist í kast við lögin. Samkvæmt samkomulagi Fangelismálastofnunar og Barnaverndarstofu býðst unglingum að afplána fangelsisdóm á meðferðarheimilum stofunnar.

Á Háholti er rými fyrir þrjá unglinga en vegna minnkandi eftirspurnar eftir langtímastofnanavist fyrir

börn og unglinga hefur nýtingarhlutfallið verið það lágt að Barnaverndarstofa telur ekki forsvaranlegt að setja fé í áframhaldandi rekstur.

Í gögnum um samskipti velferðarráðuneytisins og Barnaverndarstofu vegna Háholts kemur fram að Barnaverndarstofa telur það vera óviðunandi ráðstöfun fjármuna og ekki í samræmi við bestu vitund um faglegar kröfur og meðferðarþörf barna sem glíma við alvarlegan

hegðunar- og/eða vímuefnavanda.

Þykir heimilið of afskekkt og of fjarri nausýnlegri fagþjónustu. Segir Barnaverndarstofa að fénu yrði betur varið til byggingar húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu fyrir sérhæfða meðferð ungra fanga og unglinga sem glíma við alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda.

Í Háholti starfa ellefu starfsmenn í 8,86 stöðugildum. Þá eru sálfræðingur og kennari í hlutastarfi í Háholti.

- hó / sjá síðu 10



Bolungarvík	7°	A	11
Akureyri	9°	A	10
Egilsstaðir	10°	A	11
Kirkjubæjarkl.	10°	A	18
Reykjavík	11°	A	10

STORMUR Norðaustan og austan 10-18 m/s en 18-23 m/s SA-til. Rigning eiknum SA-lands en úrkomulítið NV-til Hiti 7-13 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



HAUSTLEIKUR Frisbígolf, eða folf, er íþrótt sem hefur notið aukinna vinsælda undanfarnin misseri. Hún snýst um að kasta frisbídiski ofan í þar til gerðar körfur í eins fáum köstum og mögulegt er. Þessi piltur skelti sér í folf í fallegu haustveðrinu á Klambartúni í Reykjavík í gær og sýndi þar góð tilþrif.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



PÓRÐÍS OG BRYNHILDUR Pórdís Elva Þorvaldsdóttir samdi handritið fyrir Stattu með þér! en myndin er fyrsta leikstjórnarverkefni Brynhildar Björnsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

10-12 ára krakkar fá fræðslu:

Stuttmynd um sjálfsvirðingu

SAMFÉLAG „Íslensk börn eru að meðaltali 11 ára gömul þegar þau sjá klám í fyrsta skipti. Það segir okkur að 10-12 ára krakkar eru alls ekki of ungir til að fá fræðslu því þau þurfa að þróa með sér gagnrýna hugsun,“ segir Brynhildur Björnsdóttir, leikstjóri myndarinnar Stattu með þér! sem verður frumsýnd í öllum grunnskólum landsins á fimmtudag.

Brynhildur og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir unnu myndina saman og er hún sjálfstætt framhald „Fáðu já!“ sem þær stóllur gerðu ásamt Páli Óskari.

- ebg / sjá síðu 22.

Á fimmta hundrað manns að störfum vegna jarðhræringa í Bárðarbungu: Gosið hefur kostað 100 milljónir

ELDGOS Umframkostnaður vegna rannsókna og vöktunar í kjölfar jarðhræringanna í Bárðarbungu var yfir 100 milljónir króna fyrstu fjórar vikurnar. Vel á fimmta hundrað manns hafa komið að verkefninu í einhverri mynd frá því um miðjan ágúst.

Sigrún Karlsdóttir, náttúruvörðstjóri Veðurstofu Íslands, segir að frá upphafi eldsumbrotanna hafi jarðværefrtirlitið verið á sólarhringsvakt og vatnaværefrtirlitið hefur verið á bakvakt allan sólarhringinn frá upphafi eldsumbrotanna. Alls hafa 107 starfsmenn stofnunarinnar komið að

verkefninu fram til þessa. Mikilvægt hefur verið að koma á sjálfvirkum ferlum við birtingu mæligagna til að auðvelda allt eftirlit og auka skilning á framvindu atburðanna. „Tölvufræðingar Veðurstofunnar hafa unnið þrekvirki í þessum efnum,“ segir Sigrún.

Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra, segir að embættið hafi fengið það verkefni að safna saman öllum þeim aukakostnaði sem fellur til vegna atburðanna. „Aukakostnaðurinn losar 100 milljónir fyrir fyrstu fjórar vikurnar. Þetta eru töluverðar upp-



Í þremur tilfellum hefur verið nauðsynlegt að hafa þrjá veðurfræðinga á vakt í tengslum við þennan atburð.

Sigrún Karlsdóttir, náttúruvörðstjóri Veðurstofu Íslands.

hæðir sem eru að falla til í aukakostnað og mikið enn ótalið,“ segir Reynir.

- shá / sjá síðu 8

Betri melting!
Probiotic 16 Strain

SWANSON – ánaegðustu viðskiptavinirnir í USA árið 2013. Söluáðilar á Íslandi á www.swanson.is

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

Iceland

SPURNING DAGSINS



Elva, er ípróttaálfurinn ekki nógu sætur?

„Jú, algjörlega. Ætli hann væri tilbúinn í ísbítur með mér?“

Elva Björk Ágústsdóttir, sálfræðikennari og námsráðgjafi, segir að í sýningunni Latabæ sé einstrengislegur áróður gegn sykurneyslu.

Yfirlýsing BSRB um fjölda starfa ríkisstarfsmanna stangast á við fullyrðingar Viðskiptaráðs:

Störfum hjá ríkinu fækkað um 10 prósent

KJARAMÁL Störfum hjá ríkinu hefur fækkað um 10,6 prósent frá árinu 2008. Ef litið er aftur til aldamóta hefur starfsmönnum ríkisins fjölgað um 5,6 prósent frá árinu 2000 en fjöldi starfa á vinnumarkaðnum öllum hefur aukist um 11,8 prósent.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá BSRB sem er byggð á upplýsingum frá Hagstofunni og Fjármálaráðuneytinu.

Upplýsingarnar stangast á við fullyrðingar Viðskiptaráðs um að

ríkisstarfsmönnum hafi fjölgað um 29 prósent frá aldamótum og að aðhaldsaðgerðir síðustu ára hafi ekki fækkað starfsmönnum ríkisins frá 2008 til 2014 um nema þrjú prósent.

„Hagfræðingur okkar fór að kafa ofan í þessar tölur og það er ljóst að þær standast ekki. Þess vegna erum við að senda frá okkur þessar upplýsingar sem við teljum vera sannar og réttar,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB.

5,6% Fjölgun starfsmanna ríkisins frá árinu 2000.

„Þegar fullyrðingar Viðskiptaráðs komu fram komu þær mér algerlega í opna skjöldu,“ heldur Elín áfram. „Sérstaklega frá 2008 höfum við orðið sífellt meira vör við að fólki hefur verið sagt upp og starfsmönnum fækkað.“

- fb



ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR Formaður BSRB segir að fullyrðingar Viðskiptaráðs standist ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FRANS PÁFI Páfi kaþólsku kirkjunnar heldur á guðspjallabókinni við messu í kirkjunni St. Peter's í Vatíkani í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðleg prestastefna hófst í kirkjunni St. Peter's í gær:

Prestar ræða um fjölskyldulíf

VATÍKANIÐ, AP Frans páfi setti alþjóðlega prestastefnu í kirkjunni St. Peter's í Vatíkani í gær. Prestastefnan stendur yfir í tvær vikur og hana sækja meira en tvö hundruð biskupar og kardinálar víða að úr heiminum.

Tilgangurinn er að ræða um hvort skoðanir kirkjunnar á fjölskyldulífi, svo sem hjónabandi, kynlífi, getnaðarvörnum, skilnuðum og samkynhneigð, eigi við hjá kaþólskum nútímafjölskyldum. Ekki er búist við því að kirkjan muni breyta viðhorfum sínum að einhverju ráði. - fb

Alvogen ræður listmálara:

Samningurinn sagður stærstur

MENNING Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur ráðið myndlistarmanninn Hjalta Párlaus Finnsson til að mála ný málverk í höfuðstöðvum fyrirtækisins sem rísa í Vatnsmýrinni.

„Samningur Alvogen og Hjalta er til 18 mánaða en á þeim tíma vinnur Hjalta einungis fyrir Alvogen,“ segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. „Þetta er án efa einn stærsti samningur sem íslenskur myndlistarmaður hefur fengið í meira en hálfa öld.“ Hjalta á að mála þrjú verk sem samtals eru sögð verða um 100 fermetrar. - gar

Sami styrkur á eldgosinu:

Helst skjálftar í Bárðarbungu

ELDGOS Eldgosið í Bárðarbungu er enn með sama styrk og undanfarna daga. Athuganir á svæðinu benda til þess að suðurjadar hraunsins hafi verið að færast til austurs undanfarna daga.

Jarðeðlisfræðingur á Væðurstofu Íslands segir skjálftavirkni nú eingöngu bundna við Bárðarbungu. Klukkan fimm síðdegis í gær var stærsti skjálfti dagsins og mældist hann fimm á Richter. Um klukkan sjö í gærkvöldi var skýjað við gosstöðvar og því erfitt að sjá eldgosid í vefmyndavélum. - asi

Ungliðar vilja slíta stjórnarsamstarfinu

Samband ungra sjálfstæðismanna harmar að þingmenn flokksins hafi beygt sig undir vilja Framsóknarflokksins og samþykkt að nota 80 milljarða af almannafé til að greiða einkaskuldir. Slíta eigi stjórnarsamstarfinu nema breytingar verði.

STJÓRNMÁL „Vilji þingmanna Framsóknarflokksins virðist ekki standa til þess að auka frelsi einstaklingsins, heldur virðast þeir vera sannfærðir um að leið haftabúskapar, boða og banna sé hin eina rétta,“ segir í ályktun af málefnaþingi Sambands ungra sjálfstæðismanna sem haldið var um helgina.

„Ef sú verður áfram raunin, ber Sjálfstæðisflokknum að standa fast á hugsjónum um frelsi einstaklingsins til orðs og athafna og slíta ríkisstjórnarsamstarfinu við Framsóknarflokkinn,“ segir áfram í ályktuninni. Magnús Júlíusson, formaður SUS, kvaðst í gær ekki vilja tjá sig um innihald ályktunarinnar. Þá vildi Ragnheiður Ríkhardsdóttir, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, heldur ekki lýsa viðhorfi sínu til áskorunar SUS-liðanna. Kvaðst Ragnheiður ekki vera búin að kynna sér ályktunina.

SUS segir Sjálfstæðisflokkinn ekki mega við því að miðla málum þannig að flestar fórnirnar í ríkisstjórnarsamstarfinu lenti á honum og þeim hugsjónum sem hann standi fyrir.

„Þingmenn flokksins verða að þora að taka slaginn og standa vörð



HEIMSÓKN Í ALPINGI Fulltrúar Sambands ungra sjálfstæðismanna hittu formann flokksins í heimsókn í Alþingishúsið.

um grunnildi sjálfstæðisstefnunnar, sama þótt það kosti átök við samstarfsflokkinn,“ segja ungliðarnir.

Vísar SUS-menn til þess að þegar þingmenn og ráðherrar sjálfstæðisflokksins hafi talað fyrir frjálshlyndum og víðsýnum hugmyndum hafi þeim ávallt verið mótmælt kröftuglega af framsóknarmönnum. Meðal dæma sem þeir nefna er afnám einokunarsölu ríkisins á áfengi, hugsanleg koma verslunarkeðjunnar Costco til landsins og ábyrg stjórn í ríkisfjármálum.

„Ungir sjálfstæðismenn harma þá ákvörðun þingflokks Sjálfstæðisflokksins að beygja sig undir vilja Framsóknarflokksins og samþykkja stærstu ríkisvæðingu einkaskulda í sögu Íslands. Flokkur sem kennir sig á tyllidögum við ábyrgð í ríkisfjármálum á ekki að nýta áttatíu milljarða króna af almannafé til

„Flokkur sem kennir sig á tyllidögum við ábyrgð í ríkisfjármálum á ekki að nýta áttatíu milljarða króna af almannafé til þess að greiða niður verðtryggt húsnæðislán tiltekens þjóðfélags hóps.“

Samband ungra sjálfstæðismanna.

Þess að greiða niður verðtryggt húsnæðislán tiltekens þjóðfélags hóps,“ segja ungir sjálfstæðismenn sem telja að frekar ætti að nýta slíka fjármuni til þess að grynna á „níðbungum“ skuldum ríkisins og lækka skatta á fólk og fyrirtæki. „Það kæmi öllum til góða, ekki bara sumum.“

gar@frettabladid.is / adda@frettabladid.is

Lyfjaauglýsing

20% afsláttur

Gildir í október

Apótekarinn+
lyf á lægra verði

Hluti mótmælenda í Hong Kong gaf eftir vegna hótana stjórnvalda:

Fjarlægðu vegatálma í borginni

HONG KONG, AP Hluti lýðræðissinna í Hong Kong ákvað í gær að fjarlægja suma af þeim vegatálum sem búið var að koma fyrir á vegum og gangstéttum í borginni. Einnig ákvaðu þeir að draga úr mótmælum sínum.

Stjórnvöld í Hong Kong höfðu sagt mótmælendum að þau myndu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að um þrjú þúsund opinberir starfsmenn gætu komist á skrifstofur sínar í dag. Lýðræðissinnar voru ekki sammála um hvernig bregðast ætti við hótunum stjórnvalda og sumir þverneituðu að gefa eftir.

Bandalag stúdenta sem hefur staðið fyrir mótmælunum sagðist í gær ætla að hefja viðræður við stjórnvöld að nýju um lýðræðislegar umbætur í Hong Kong. Það ætlaði engu að síður að halda mótmælum sínum áfram. „Við þurfum að bíða og sjá hvort stjórnvöld standi við loforð sín,“ sagði bandalagið í yfirlýsingu sinni.


Stjórnvöld hafa tilkynnt að þau ætli að opna skóla á nýjan leik og sömuleiðis einhverjar götur. „Til að koma aftur á reglu erum við sannfærð um að við höfum getu til að grípa til nauðsynlegra úrræða,“ sagði talsmaður lögreglunnar. „Enginn almennur borgari ætti að geta valdið truflunum.“



MEÐ GULA REGNHlíf Styttu sem stúdentar bjuggu til heldur á gulri regnhlíf fyrir utan stjórnarbyggingu í Hong Kong. Stjórnvöld hafa krafist þess að lýðræðissinnar rými göturnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að sögn lögreglunnar hafa þrjátíu manns verið handteknir síðan mótmælin hófust. Hún sagðist hafa notað piparúða gegn mótmælendum á laugardaginn eftir að þeir höfðu ógrað lögregluþjónum. - fb



Polar Loop snjallarmband

19.990 kr. stgr.

Mælir hreyfingu, skref, brennslu og svefn allan sólarhringinn. Armbandið er vatnshelt.



Ókeypis
heimsending
um allt land!
Á vefverslun
nova.is

Mældu meistaraverkin!

Meistaramánuður er hafinn og við hjá Nova viljum endilega hjálpa þér að ná markmiðum þínum. Polar Loop og Nike+ Fuelband snjallarmböndin mæla virkni þína yfir daginn, hvort sem þú vilt halda utan um afrekin til þess að bæta þig eða bara monta þig. App fyrir iPhone, Android og forrit í tölvuna fylgja með.



Lift




MyFitnesspal

Snjallsíminn þinn getur hjálpað þér að ná settu marki. Fáðu þér öpp eins og Lift, MyFitnesspal, Way of life og EverNote.



Way of life




EverNote



Nike+ FuelBand SE

29.990 kr. stgr.

Mælir hreyfingu, skref og brennslu allan sólarhringinn.



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

SVONA ERUM VIÐ



3 sinnum meiri útflutningur var frá Íslandi til Lettlands á árinu 2013 en var á árinu 2003. Fyrirnefnda árið var útflutningsverðmætið 608 milljónir króna en það nam 196 milljónum árið 2003.

Lögreflugfélag Vestfjarða sendir fíkniefnanefnd heilbrigðisráðherra viðvörðun: Farið varlega í afglæpavæðingu

STJÓRN MÁL Lögreflugfélag Vestfjarða lýsir áhyggjum af því að afglæpavæða vörslu á fíkniefnum til einkaneyslu. „Fundurinn skorar á fulltrúa í nefnd heilbrigðisráðherra sem á að endurskoða löggjöf varðandi meðferð fíkniefna að stíga varlega til jarðar í þeim efnum,“ segir í ályktun sem samþykkt var á félagsfundum í Lögreflugfélagi Vestfjarða á laugardag. Þá segjast vestfirsku lögreflugmennirnir allt of lengi hafa horft upp á það að kjaraviðræður

þeirra „dragist von úr viti á meðan verið er að biða eftir hinum eða þessum ákvörðunum ráðamanna þjóðarinnar en væntanleg útspil ríkisstjórna“ í tengslum við kjarasamningagerð. „Vitandi vits að lögreflugmenn búa ekki við þau sjálfsgöðu mannréttindi að geta boðað til verkfalls, krefst fundurinn þess af stjórnvöldum að þau standi við gefin loforð og láti lögreflugmenn fá verkfallsréttinn aftur,“ segir í ályktun lögreflugmannanna. -gar



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON Vestfirskir lögreflugmenn vilja ekki afglæpavæða fíkniefni til einkanota. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Kosningar í Búlgaríu í gær: GERB-flokkur fær 33 prósent

BÚLGARÍA, AP Tvær útgönguspár gefa til kynna að miðhægri GERB-flokkurinn sigri í þingkosningunum í Búlgaríu í gær en náði þó ekki meirihluta. Samkvæmt útgönguspá The Alpha Research fær flokkur fyrrverandi forsætisráðherra Boyko Borisov, GERB, 33,2 prósent atkvæða. Í öðru sæti eru sósíalistar með 16,5 prósent. Útgönguspá Gallup International gefur svipaða niðurstöðu. -fb

Skora á félagsmálaráðherra: Vilja ekki missa ríkisskrifstofu

SVEITARSTJÓRNIR „Þykir okkur því líttill sómi að því að færa þessi fimm stöðugildi á Selfoss



og valda þar með enn meiri skekkju en orðin er í dreifingu starfa á vegum ríkisins,“ segir bæjarráð Hveragerðis sem mót-mælir flutningi Svæðisskrifstofu Vinnueftirlits frá Hveragerði til Selfoss. „Ekkert getur í fljótu bragði skýrt þessa ákvörðun sem bæjarfulltrúar í Hveragerði forðæma harðlega um leið og þeir hvetja félagsmálaráðherra til að endurskoða ákvörðun sína,“ segir bæjarráðið. -gar

Fækkun stjórnenda bitnar á skólastarfi

Dósent í menntunarfræði við Háskóla Íslands segir fækkun skólastjórnenda í Reykjavík frá bankahruni hafi aukið álag á starfsfólk og bitnað á skólastarfi. Óljóst sé hvort sameiningar skóla hafi borgað sig. Hrunið hafi þó ekki valdið kreppu í skólastarfi.

MENNTAMÁL Efnahagskreppan bitnaði mest á stjórnun í skólastarfi, segir Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, um nýlega rannsókn starfsmanna Menntavísindasviðs. Rannsóknin fjallaði um áhrif efnahagskreppunnar á skólastarfi í grunn-, leik- og framhaldsskólum í Reykjavík.

„Stöðugildum deildarstjóra í grunnskólum Reykjavíkur hefur fækkað úr 84 árið 2007 í tæplega 40 árið 2013, eða um rúmlega helming, sem er mjög mikið,“ segir Anna Kristín. „Svona mikil fækkun stjórnenda eykur álag á stofnanirnar. Fækkunin hefur bitnað á þróunarstarfi og samstarfi við foreldra og öðru en beint lýtur að kennslu,“ segir Anna Kristín og bætir við að „verkefni sem áður var sinnt af deildarstjórum eru nú á hendu skólastjóra eða umsjónarkennara“. Þar að auki hafi stuðningskerfi skólanna dregist saman og tækifærum til símenntunar fækkað.

Hins vegar hafi tekist að verja kennsluna sjálfa, enda sé fjöldi nemanda á hvert stöðugildi kennara svipaður og var árið 2005. Hrunið og niðurskurðurinn sem því fylgdi hafi ekki valdið kreppu í skólastarfi í þeim skilningi að því gildismati sem skólastarfið byggði á væri verulega ógnað. „Þótt það kæmi þreyta í skólastarfið þegar frá leið olli það ekki skólakreppu,“ segir hún. Aðspurð hvort sameiningar í grunn- og leikskólum hafi borgað sig segir Anna Kristín: „Ávinningurinn við sameiningar var bara



ÓVISSA MED SAMEININGAR Anna Kristín segir óljóst hvort sameiningar hafi svarað kostnaði sem af þeim hlaut. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stjórnendur í grunnskólum Reykjavíkur

Stöðugildi stjórnenda í grunnskólum Reykjavíkur	2007	2013
Skólastjórar	79,5	64
Deildarstjórar	83,9	39,4

sá sem ætlað var. Það átti bara að spara um eitt stöðugildi stjórnenda í hverri sameiningu.“ Hvort það hafi svarað þeim kostnaði sem hlaut af sameiningunum sé óljóst. „Þeir sem tóku þátt í rannsókninni sögðu ýmislegt hafa verið til bóta. Hins vegar hefði þurft meiri stuðning við sameininguna sjálfa. Það kostar að sameina en sá stuðningur kom ekki því farið var í sameiningar vegna nið-

urskurðar. Niðurskurðartími er líklegur ekki besti tíminn fyrir sameiningar,“ segir Anna Kristín. Meiri óánægja virðist hafa verið í leikskólum en grunnskólum með sameiningarnar. „Þetta var svölítið erfitt í leikskólunum. Það var sums staðar svolítil sorg og mikill hiti í umræðunni. Það gæti verið af því að þetta eru minni stofnanir og hugsanlega viðkvæmari,“ segir Anna Kristín. ingvar@frettabladid.is



RAMZDAN KADYROV Árásarmaðurinn var í lögreflugbúningi og sýndi lögreflugskilríki áður en hann sprengdi sig í loft upp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengjuárás í Tsjetsjeníu: Fimm féllu og tólf særðust

RÚSSLAND, AP Fimm lögreflugmenn féllu og tólf særðust í sjálfsmorðsprengjuárás í Grosní, höfuðborg Tsjetsjeníu, í gær. Árásin var gerð sama dag og borgin fagnaði afmæli leiðtoga Tsjetsjeníu, Ramzdan Kadyrov, sem er hliðhollur Rússum. Kadyrov sagði blaðamönnum að árásarmaðurinn hefði verið í lögreflugbúningi og sýnt lögreflugskilríki þegar hann reyndi að komast í gegnum málmeitarhlíð við tónleikahöll í Grosní. Þegar lögreflugmaðurinn reyndi að stöðva hann sprengdi hann sig í loft upp. Talið er að árásarmaðurinn hafi verið nítján ára Tsjetsjeni. Síðustu sjálfsmorðsprengjuárásir í Rússlandi voru gerðar í fyrra í Volgograd. Þá létust 34. -fb

Rangárþing eystra: Lækka gjöld í leikskólanum

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur samþykkt að lækka leikskólalagjöld um 25 prósent frá og með 1. nóvember næstkomandi. Einn leikskóli er starfræktur í sveitarfélaginu, Leikskólinn Örk á Hvolsvelli. Í fréttatilkynningu segir að markmið núverandi meirihluta hafi verið að bjóða foreldrum leikskólalagjöld undir landsmeðaltali. -ibs

SKRIFSTOFUR TIL LEIGU

MÓTTAKA - FUNDARSALIR
PRENTLAUSNIR - CAFÉ ORANGE
OPIN RÝMI - SÍMI & NET
NÆG BÍLASTÆÐI

ARMÚLI 6 | 5 27 27 87 | ORANGEPROJECTHOUSE.COM

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 26°	Friedrichshafen 19°	New York 20°
Ápene 23°	Gautaborg 15°	Orlando 27°
Basel 19°	Kaupmannahöfn 15°	Ósló 11°
Berlín 17°	Las Palmas 26°	París 15°
Billund 15°	London 14°	San Francisco 24°
Frankfurt 18°	Mallorca 26°	Stokkhólmur 10°

Á MORGUN 8-15 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR 8-13 m/s.

VÍÐA RIGNING Vonskuveður um landið suðaustanvert með stormi og mikilli rigningu um tíma. Dregur úr vindi og úrkomu á morgun en töluverð úrcoma eystra í fyrstu. Norðaustanátt á miðvikudag og léttir til syðra.

ELÍSBET MARGEIRSDÓTTIR veðurfréttamaður

Auglýsingagældir Fréttablaðsins - Auglýsingastjóri: Jón Laufald joni@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



VERÐ: 2.130.000 KR.

Ford Fiesta Trend FH05
Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: Ljósgrár



TILBOÐ: 1.720.000 KR.

Citroën C3 Seduction Airdr. BAE53
Skráður maí 2012, 1,6HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 1.920.000 kr.



TILBOÐ: 3.950.000 KR.

Ford Kuga Titanium S FK075
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 81.000 km. Litur: Grár
Ásett verð: 4.250.000 kr.



TILBOÐ: 3.590.000 KR.

Ford Galaxy GHIA MPV IRS54
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 94.000 km. Litur: Ljósbrúnn
Ásett verð: 3.850.000 kr.

BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

ÓDÝRARI REKSTUR

Nýlegir bílar lækka rekstrar-
kostnaðinn með **lægri eyðslu** og
minna viðhaldi og eru jafnframt
öruggari. Skoðaðu úrval nýlegra
bíla strax í dag.

Finndu bílinn þinn á:
notadir.brimborg.is

LÆGRA VERÐ

Kauptu nýlegan bíl á lægra verði.
Nýlegir bílaleigubílar eru af nýjustu
gerðum (árgerðir 2012, 2013, 2014)
en fást á **læggra verði**.

Hafðu samband við ráðgjafa
og við gerum þér frábært tilboð.

Nýttu tækifærið!

LÉTTARI KAUP

Landsbankinn og Brimborg létta
þér kaupin á nýlegum bíl.

Landsbankinn býður einstaklingum
sérkjör á fjármögnun við kaup á
nýlegum bílaleigubíl frá Brimborg:

- Engin lántökugjöld í október
- Hagstæðari kjör
- Allt að 7 ára lánstími
- Allt að 80% fjármögnun



Brimborg tekur allar tegundir
bíla upp í Hagstætt uppþökuberð.

KOMDU NÚNA

AFSLÁTTUR: 140.000 KR.



TILBOÐ: 1.150.000 KR.

Citroën C1 SX GPU11
Skráður apríl 2012, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Brúnn
Ásett verð: 1.290.000 kr.

AFSLÁTTUR: 880.000 KR.



TILBOÐ: 7.990.000 KR.

Volvo XC90 Momentum D5 AWD KNS06
Skráður des. 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 76.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 8.870.000 kr.

AFSLÁTTUR: 350.000 KR.



TILBOÐ: 3.970.000 KR.

Ford Kuga Titanium S JF07
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 85.000 km. Litur: Brúnn
Ásett verð: 4.320.000 kr.

AFSLÁTTUR: 140.000 KR.



TILBOÐ: 2.390.000 KR.

Mazda3 Advance OXN64
Skráður apríl 2013, 1,6Di dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 2.530.000 kr.



VERÐ: 4.590.000 KR.

Ford Mondeo Titanium STW HB032
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 22.000 km. Litur: Grár

AFSLÁTTUR: 160.000 KR.



TILBOÐ: 1.190.000 KR.

Ford Ka Trend UUL33
Skráður maí 2013, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 64.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 1.350.000 kr.

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.




TILBOÐ: 2.690.000 KR.

Ford Focus Titanium STW SUP15
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 80.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 2.890.000 kr.

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

NOTADIR.BRIMBORG.IS



Notaðir bílar
- Brimborg

FYLGSTU MED
NÝJUSTU TILBOÐUNUM

FINNDU BÍLINN
PINN HÉR

50 ár í bílgraininni


brimborg

Öruggur staður til að vera á

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

SKIPTING ATVINNUTEKNA ÍSLENDINGA

Hagstofan raðar skattgreiðendum niður í tíu jafnstóra hópa eftir tekjum árið 2013. Hver litur táknar **10%** skattgreiðenda og hlutfall hvers hóps af heildartekjum Íslendinga



Hæstu laun hækkað um 80 milljarða

Pau tíu prósent landsmanna sem hafa hæstar tekjur eru með um 35,6 prósent af heildaratvinnutekjum. „Sláandi tölur,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. Tölur Hagstofunnar benda til þess að meðalárslaun Íslendinga séu rétt yfir sex milljónum.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



VINNUMARKAÐUR Heildartekjur launahæstu tíu prósent Íslendinga hafa hækkað um 80 milljarða frá árinu 2010. Þessi hópur var með yfir 20 milljónir að meðaltali í árslaun í fyrra og laun þeirra voru 35,6 prósent allra greiddra launa á Íslandi það ár. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands yfir heildaratvinnutekjur Íslendinga sem Fréttablaðið hefur tekið saman. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, telur þetta sláandi.

Hagstofan raðar einstaklingum niður í tíu jafnstóra hópa eftir tekjum. Þeir sem minnst hafa tekjurnar radast í fyrsta hópinn og svo koll af koll. 19.324 einstaklingar eru í hverjum tekjuhópi.

Efstu tveir tekjuhóparnir eru með samtals um 479 milljarða í atvinnutekjum á síðasta ári borið saman við 22,2 milljarða heildartekjur neðstu tveggja hópanna. Atvinnutekjur efsta hópsins, hæst launuðu einstaklinganna, hafa hækkað um 26 prósent frá árinu 2010 eða um 80 milljarða króna. Efstu tveir tekjuhóparnir, aðeins fimmtungur allra launþega landsins, fengu greidd yfir helming allra launa á landinu árið 2013.

Hafa ber í huga að fjölmargir í lægstu hópnum eru námsmenn á námslánunum og nemandur sem búa enn hjá foreldrum, sem gæti skekkt töluvert laun neðstu hópanna. Því gefa tekjur þeirra ekki glögga mynd af fjárhagsstöðu hópsins í heild.

Þegar allar tekjur eru skoðaðar sést að meðalártekjur ein-

staklinga í efsta tekjuhópnum eru rúmar 20 milljónir, tvöfalt hærri en í næsta hóp. Lægsti tekjuhópurinn er með um 330 þúsund krónur í árslaun og næsti fyrir ofan með um 1.26 milljónir í árslaun.

Meðalárslaun Íslendinga samkvæmt þessu er því 6,03 milljónir.

Vilhjálmur Birgisson telur þessar tölur sláandi og vera til efni til að verkalýðshreyfingin í heild fari vandlega í gegnum þessar tölur.

„Þetta eru sláandi tölur og kannski staðfesting á því gífurlega launaskriði sem við höfum verið að sjá hjá þeim launahæstu í landinu. Ég vona að við munum fara vandlega í gegnum þessar tölur en við fyrstu sýn virðist þetta vera ákveðin staðfesting þess sem maður hefur haft tilfinningu fyrir, að misskiptingin sé að aukast aftur í íslensku þjóðfélagi,“ segir Vilhjálmur. Hann bendir á að hlutur Alþýðusambandsins sé nokkur. „Sú láglaunastefna sem Alþýðusambandið hefur verið að reka undanfarin ár er kannski að þrotum komin.“

Fram kemur í frétt Hagstofunnar að eiginfjárstaða allra fjölskyldugerða batnaði á árinu 2013. Þetta á einkum við um einstæða foreldra en staða eiginfjár hjá þeim jókst um tæp 36 prósent árið 2013.

Hins vegar þegar skoðaðar eru launatekjur Íslendinga og hlutur þeirra í heildarlaunatekjum kemur í ljós að launatekjur efstu tekjuhópanna hafa hækkað frá hrúni en laun annarra hópa hafa staðið í stað eða lækkað sem hlutfall af heildartekjum landsmanna.

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, segir þessar tölur sýna að haga þurfi skattlagningu á Íslandi þannig að hún jafni tekjur landsmanna.



MISJÖFN KJÖR ÞJÓÐAR Sextugfaldur munur er á meðaltekjum hæsta og lægsta launahópsins á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Þessar tölur sýna hversu mikilvægt það er að halda tekjumun í samfélaginu í lágmarki. Um allan heim er að vaxa skilningur á því að skattleggja verður sérstaklega allra hæstu tekjur og allra mestan auð, ef vel á að fara. Misskipting grefur undan jöfnum tækifærum og félagslegu réttlæti,“ segir Árni Páll Arnason.

„Ég vona að við munum fara vandlega í gegnum þessar tölur en við fyrstu sýn virðist þetta vera ákveðin staðfesting þess sem maður hefur haft tilfinningu fyrir, að misskiptingin sé að aukast aftur í íslensku þjóðfélagi.“

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.





Verkir?

Verkjastillandi og bólgueyðandi!



Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvítílamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á amnt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meislí í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, asetylsalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefsilímubólgu af völdum asetylsalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með lofþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á alltækum aukaverkunum, t.d. á niðru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

SMURT ER... Í OKTÓBER

Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota



Manstu gömlu bílnúmerin?

Komdu og taktu þátt í smurningarleiknum okkar meðan við smyrjum bílinn. Þrjú heppin bílnúmer fá ókeypis smurþjónustu* og 50.000 kr. bensínúttekt í vinning.

20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru**

15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjar	481 1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

*Næsta smurþjónusta ókeypis hjá viðurkenndum þjónustuaðila (smurning og síur).

**Olíur, olíusíur, loftsíur, frjórnasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

Bókaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

Eldgosið hefur kostað 100 milljónir

Gosið einn merkasti jarðvísindalegi atburður sem vísindamenn og almenningur á Íslandi hefur orðið vitni að. Nær allir starfsmenn Jarðvísindastofnunar, Veðurstofunnar og Landhelgisgæslunnar hafa komið að aðgerðum, auk fjölda björgunarsveitarmanna og annarra.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Umframkostnaður vegna rannsóknar og vöktunar í kjölfar jarðhræringanna í Bárðarbungu var yfir 100 milljónir króna fyrstu fjórar vikurnar. Vel á fimmta hundrað manns hafa komið að verkefninu í einhverri mynd frá því um miðjan ágúst.

Eins og allir þekkja eru jarðhræringarnar í og við norðvestanverðan Vatnajökul einn markverðasti jarðvísindalegi atburður sem vísindamenn og almenningur á Íslandi hefur orðið vitni að. Sérstaka athygli vekur hvernig nútímatækni hefur gert áhugasömum kleift að fylgjast með þróuninni dag frá degi, hvort sem er jarðskjálftahrinunni sem hófst 16. ágúst eða eldgosunum sem síðar fylgdu. En að baki þessu stendur her manns frá mörgum ólíkum stofnunum og samtökum sem sofin og vakin hafa legið yfir verkefninu.

Á sólarhringsvakt

Sigrún Karlsdóttir, náttúruvörðstjóri Veðurstofu Íslands, segir að frá upphafi eldsumbrotanna hafi jarðváreftirlitið verið á sólarhringsvakt og vatnaváreftirlitið hefur verið á bakvakt allan sólarhringinn frá upphafi eldsumbrotanna. Alls hafa 107 starfsmenn stofnunarinnar komið að verkefninu fram til þessa.

„Í þremur tilfellum hefur verið nauðsynlegt að hafa þrjá veðurfræðinga á vakt í tengslum við þennan atburð. Fjöldi eftirlitsferða hefur verið farinn á svæðið, þ.e. norðan við Vatnajökul, til að koma upp fleiri mælitækjum og auka þannig getu Veðurstofunnar til að bregðast við og gefa út viðvaranir tímanlega til almanna- varnaryfirvalda. Enn fremur var nauðsynlegt að flytja færanlegu ratsjárnar til að hægt sé að fylgjast með ösku í andrúmslofti ef til öskugoss kemur,“ segir Sigrún.

Mikilvægt hefur verið að koma á sjálfvirkum ferlum við birtingu mæligagna til að auðvelda allt eftirlit og auka skilning á framvindu atburðanna.

„Tölvufræðingar Veðurstofunnar hafa unnið þrekkvirki í þessum efnum. Stofnunin hefur þurft að bregðast við beiðnum frá yfirvöldum, m.a. til að meta flóða- hættu vegna hugsanlegs jökulhlaups Jökulsár á Fjöllum og í Skjálfafljóti,“ segir Sigrún en Veðurstofan hefur komið upp reiknilíkönum til að geta spáð fyrir um dreifingu ösku og brennisteins



Í HOLUHRAUNI Allir sem vettlingi geta valdið innan Jarðvísindastofnunar hafa komið að vinnu vegna jarðhræringanna.

í andrúmslofti. Þátttaka á fundum vísindamannaráðs Almanna- varna, íbúafundum og öðrum fundum hagsmunaaðila hefur einnig kallað á mikið vinnuálag á Veðurstofunni sem hefur komið upplýsingum stöðugt á framfæri við landsmenn. Hefur stofnunin nýtt sér vefinn og aðra miðla, s.s. Facebook, í því sambandi. „Brýnt er að þessi þjónusta sé til staðar jafnt um helgar sem á virkum dögum, sem hefur kallað á mikið vinnuálag og yfirvinnu starfsmanna í upplýsingakerfum og upplýsingamiðlun,“ segir Sigrún.

Allir á dekk

Stór hluti af starfsmönnum Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands hefur komið að viðbrögðum við eldgosinu og atburðunum í Bárðarbungu með einum eða öðrum hætti. Stofnunin er með starfsmenn á vettvangi til að fylgjast með þróun gossins en þær vaktir hafa minnk- að, aðallega vegna veðurs og vegna þess hversu lengi jarðhræringarnar hafa staðið yfir. Margir koma að eftirliti úr lofti og jöklamælingum, vöktun með fjarkönnun, efnagreiningum á bergsýnum og öðrum sýnum, eftirliti með jarðskorp- hreyfingum (jarðskjálftum) og mælingum. Einnig koma mælingar og rannsóknir á gæðum andrúms- loftsins og mælingar á vatni í jökul- ám og öðrum á svæðinu við sögu.

Þegar allt er talið hjá Jarðvísinda- stofnun og Jarðvísindadeild Háskólans eru um 30 vísindamenn að



Sigrún Karlsdóttir náttúruvörðstjóri

stórfum auk fimm tæknimanna og skrifstofu, og hefur stór hluti þeirra komið að vinnu í tengslum við gosið. Einhverjir hafa alfarið sinnt þessum viðbrögðum, aðrir minna. Þá eru um 50 nýdoktorar, doktorsnemar og aðrir tímabundið ráðnir starfsmenn sem starfa hjá stofnunni og hefur stór hluti þeirra einnig komið að þessum rannsóknum.

„Það er erfitt að tilgreina nákvæmlega hversu margir af okkar starfsmönnum hafa unnið alfarið við gosið en ætla má að um 50-60 manns í heildina hafi komið að vinnu við þetta frá byrjun,“ segir Svandís H. Halldórsdóttir, skrifstofustjóri Jarðvísindastofnunar.

Allt á einum stað

Víðir Reynisson, deildarstjóri almanna- varnadeildar Ríkislög- reglustjóra, segir að embættið hafi fengið það verkefni að safna saman öllum þeim aukakostnaði sem fellur til vegna atburðanna. „Aukakost- naðurinn losar 100 milljónir fyrir

Brýnt er að þessi þjónusta sé til staðar jafnt um helgar sem á virkum dögum, sem hefur kallað á mikið vinnuálag.

HEFUR FARIÐ Í 17 FLUG VEGNA HOLUHRAUNS



■ Vegna jarðhræringanna í og við Vatnajökul hafa á milli 90 og 100 starfsmenn Landhelgisgæslunnar komið að aðgerðum, samkvæmt upplýsingum frá Hrafnhildi Brynju Stefánsdóttur upplýsingafulltrúa.

■ Flugdeild Gæslunnar hefur öll tekið þátt með einhverjum hætti, þ.e. flugmenn, stýrimenn í flugvél og þyrllum, flugvirkjar og ýmsar

stöðeiningar, starfsmenn aðgerðasviðs og starfsmenn í Keflavík sem vakta upplýsingar ratsjárstöðvanna.

■ Gæslan hefur flogið 17 ferðir yfir gosstöðvornar. Flugvélin TF-SIF hefur farið í 11 flug og flogið í 38 klukkustundir samtals. Þyrllurnar hafa farið í sex flug og flogið samtals 22 klukkustundir. Þyrlluflugin hafa öll verið notuð til að flytja búnað og tæknimenn.

■ TF-SIF er búin ratsjám sem kortleggja yfirborð gosstöðvanna og jökulsins og gerir vísindamönnum kleift að fylgjast með breytingum á yfirborðinu og hraunflæði óháð skjáfari og birtu. Búnaðurinn getur einnig kortlagt breytingar á mannvirkjum, svo sem vegum, brúm og rafmagnslínunum sem hugsanlega geta orðið fyrir skemmdum vegna flóða. Þá gerir vélin vísindamönnum unnt að fylgjast grannt með dreifingu og hæð öskustróks. Flugvélin er einnig búin hitamyndavél sem gagnast við að meta ástandið á svæðinu og þróun mála.

fyrstu fjórar vikurnar. Þetta eru töluverðar upphæðir sem eru að falla til í aukakostnað og mikið enn ótalið. Þegar þetta hefur allt verið tekið saman verður skýrsla skilað til ráðherranefndarinnar sem var skipuð vegna atburðanna. Þar eru menn að skoða þessi mál,“ segir Víðir og bætir við að starfsmenn deildarinnar, átta að tölu, hafi eingöngu unnið að verkefnum sem tengjast jarðhræringunum frá upphafi. Eins hafa tíu frá öðrum deildum Ríkislög- reglustjóra komið að

vinnunni. „Þess utan tíu heilbrigðisstarfsmenn og aðrir tíu frá Rauða krossinum og fjöldi björgunarsveitarmanna,“ segir Víðir.

Guðbrandur Örn Arnarson, sem annast aðgerðamál hjá Lands- björgu, segir að 136 björgunarsveitarmenn hafi komið við sögu aðgerða; flestir við gæslu, en miklum mun færri sem hafa tekið þátt í beinum verkefnum. Þar af hafa um 30 manns komið að aðgerða- stjórn og starfað í samhæfingar- stöð Almanna- varna í Skógarhlíð.

HVAÐ ER 30 DAGA VERÐVERND ELKO?

1. Lægra verð

Við bjóðum verðvernd á allar vörur og tryggjum lægra verð í 30 daga frá kaupum.

2. Öryggi

Ef þú finnur vöruna á lægra verði innan 30 daga þá endurgreiðum við þér mismuninn auk 10% af mismuninum.

3. Einfalt og þægilegt

Þetta er einfaldara en þú heldur – þú hefur samband við okkur og við göngum frá afganginum.



Kynntu þér málið á elko.is/verdvernd

ELKO
EINFALDEGA LÆGRA VERÐ


TAKTÍ BÍL, HJÁ HEKLU

ÞÚ GÆTIR ENDAÐ Í BOSTON



HEK BOS

HEKLA - BOSTON



Komdu og reynslu-
aktu nýjum bíl og
við setjum nafnið
þitt í pott.

Einu sinni í viku í október
drögum við út vinningshafa
sem fær gjafabréf til
Boston með Icelandair
að verðmæti 200.000 kr.



HEKLA

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



HÁHOLT Í SKAGA-FIRÐI Meðferðaheimilið Háholt er fyrir 15 til 18 ára unglunga sem eiga við alvarleg vandamál að stríða og hafa sumir komist í kast við lögin.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hálfur milljarður í meðferð sem barnaverndaryfirvöld mæla gegn

Barnaverndarstofa segir ekki grundvöll fyrir áframhaldandi rekstri meðferðaheimilisins Háholts vegna líttillar eftirspurnar. Segja samninginn óviðunandi ráðstöfun fjármuna og ekki í samræmi við bestu vitund um faglegar kröfur og meðferðarþörf barna. Ellefu starfsmenn í vinnu.

STJÓRNSÝSLA Velferðarráðuneytið hyggst gera tæplega 500 milljóna króna samning til þriggja ára um rekstur meðferðaheimilis Háholts í Skagafirði þrátt fyrir að Barnaverndarstofa sé eindregið á móti endurnýjun slíks samnings.

Áð mati Barnaverndarstofu er ekki grundvöllur fyrir að verja þeim fjármunum sem þarf til starfseminnar þar sem nýting á úrræðinu er ófullnægjandi. Einnig þykir staðsetning heimilisins óheppileg þar sem mjög takmarkaður aðgangur er að fagfólki sem nauðsynlegt er að komi að meðferð unglunganna sem þar vistast.

Óviðeigandi ráðstöfun fjármuna
Í minnisblaði sem Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, skrifaði til velferðarráðuneytisins í nóvember 2013 og Fréttablaðið hefur undir höndum kemur fram að „nýting pláss í Háholti hafi dregist svo mikið saman að ekki þyki lengur forsvaranlegt að endurnýja þjónustusamninginn. Áð mati stofunnar væri áframhaldandi rekstur Háholts óviðunandi ráðstöfun fjármuna og ekki í samræmi við bestu vitund um faglegar kröfur og meðferðarþörf barna sem glíma við alvarlegan hegðunar- og/eða vímuefnavanda, sem og þarfir fjölskyldna þeirra og barnaverndarnefnda.“

Dregið hefur úr eftirspurn

Háholt er meðferðarúrræði fyrir unglunga á aldrinum 15 til 18 ára sem eiga við alvarlegar hegðunartruflanir og félagslegan vanda að stríða, unglunga sem hafa leiðst út í fíkniefnaneyslu og komist í kast við lögin. Áform eru um að heimilið verði nýtt sem úrræði fyrir unga fanga eftir að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur af Alþingi 2013.

Mikið hefur dregið úr eftirspurn eftir langtímavistun á meðferðaheimilum fyrir börn og unglunga á undanförunum árum með tilkomu fjölkerfameðferðar, þar sem barn og fjölskylda eru aðstoðuð á heimili sínu og nánasta umhverfi.

Stundum enginn í meðferð

Sem stendur er rými fyrir þrjá unglunga á Háholti en þar starfa



BRAGI GUÐBRANDSSON



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

alls ellefu starfsmenn í 8,86 stöðugildum sem ganga vaktir. Einnig starfa þar kennari og sálfræðingur í hlutastarfi. Hugmyndir um lokun Háholts hafa lagst illa í Skagfirðinga en heimilið þykir mjög mikilvægt fyrir atvinnulíf stadarins.

Komið hefur upp sú staða á heimilinu að enginn unglingur hefur vistast þar svo vikum skiptir en algengt er að á heimilinu dvelji einn til tveir unglingar í senn.

Enginn unglingur hefur afplánað refsingu í Háholti það sem af er árinu 2014 og er engin breyting á því fyrirsjáanleg á næstunni þar sem engin alvarleg mál eru í ákærufarli.

Ekki forsvaranleg nýting

Í gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum og sýna samskipti Barnaverndarstofu og velferðarráðuneytisins vegna Háholts kemur ítrekað fram sú afstaða Barnaverndarstofu að ekki þyki forsvaranlegt að verja fjármunum í rekstur heimilisins. Betra væri að nýta fjármuni í byggingu nýs húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem aðstaða til að vista unga fanga og unglunga með svo fjölbætt vandamál væri eins og best væri á kosið, þá með fagmenntuðu starfsfólki og aðgangi að sérhæfðum læknum og sálfræðingum.

Engin áform um vistun

Þegar afstaða Barnaverndarstofu lá fyrir kallaði ráðuneytið eftir umsögnum allra barnaverndarnefnda á á landinu um Háholt. Í svörum frá nefndunum sem Fréttablaðið hefur undir höndum kemur fram að fáir höfðu nýtt sér úrræðið. Þær nefndir sem höfðu sent þangað unglung til vistunar sögðu flestar að reynslan af starfsfólkinu væri góð en heimilið þætti of afskekkt og langt frá höfuð-



AFPREYING Unglingarnir sem dvelja í Háholti gera ýmislegt sér til afþreyingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

borgarsvæðinu. Engin nefnd hafði ákveðin áform um að vista unglung á heimilinu þó að úrræðið hefði borist óformlega í tal þegar rætt hafði verið um meðferðarúrræði fyrir einhverja unglunga.

Ekki sammála um túlkun

Ráðuneytið kaus að túlka svör nefndanna á þann veg að þörf væri fyrir heimilið, og því var fallið frá lokun þess. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lögðu starfsmenn Barnaverndarstofu annan skilning í svör nefndanna sem samkvæmt þeirra mati studdu þeirra afstöðu.

Unnið er nú að gerð nýs þjónustusamnings við Háholt og er búist við að hann verði undirritaður á næstu vikum.

Bragi Guðbrandsson, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

hannarut@365.is

“**Áð mati stofunnar væri áframhaldandi rekstur Háholts óviðunandi ráðstöfun fjármuna og ekki í samræmi við bestu vitund um faglegar kröfur og meðferðarþörf barna sem glíma við alvarlegan hegðunar- og/eða vímuefnavanda, sem og þarfir fjölskyldna þeirra og barnaverndarnefnda.**”

Úr minnisblaði Barnaverndarstofu.



HEIMILI Rými er fyrir þrjá unglunga á heimilinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rauðir dagar 6.-10. október

Fjármál við starfslok og nýtt viðmót Fyrirtækjabanka



Það eru Rauðir dagar hjá Íslandsbanka í þessari viku með fræðslu og fundum um betri fjármálaþjónustu

Kynntu þér dagskrá Rauðra daga á www.islandsbanki.is

Betri fjármál á Rauðum dögum

Á dagskránni á morgun er meðal annars kynning á nýju viðmóti Fyrirtækjabankans og kynningarfundur VÍB um fjármál einstaklinga við starfslok.

Þú gætir unnið iPhone 6

Notaðu Íslandsbanka Appið í október og þú ert með í leiknum. Kynntu þér Appið og iPhone leikinn á islandsbanki.is

Á morgun

Nýtt viðmót Fyrirtækjabanka

Kennsla og kynning á nýju viðmóti Fyrirtækjabankans

Íslandsbanki Suðurlandsbraut 14
Kl. 8.00-9.00 - **Pri. 7. okt.**

Skráning á islandsbanki.is

Fjármál við starfslok

Fræðslufundur VÍB um fjármál einstaklinga við starfslok

Íslandsbanki Kirkjusandi
Kl. 17.00-18.00 - **Pri. 7. okt.**

Skráning á islandsbanki.is



1

VIÐ FJÖLDAGRÖF Liðsmaður mexíkóska sjóhersins stendur vörð við veg hjá fjöldagröf sem fannst skammt frá borginni Iguala á laugardag. 43 stúdentar hurfu og sex manns dóu í borginni 27. september síðastliðinn. Þar höfðu stúdentarnir tekið þátt í mótmælum vegna bágrar stöðu kennara. Lögreglan skaut á rútu þeirra og drap sex manns. Alls 22 lögreglumenn eru í haldi vegna árásarinnar.



2

FLJÚGA YFIR ÍRAK Tvær herflugvélar frá bandaríska sjóhernum af tegundinni F-18E Super Hornets á flugi eftir að hafa fengið eldsneyti yfir Írak, skömmu eftir að hafa varpað þangað sprengjum. Bandaríski herinn hélt áfram loftárásum sínum á skotmörk Íslamska ríkisins í Sýrlandi og Írak um helgina. NORDICPHOTOS/AFP



3

ÞAÐ FYRSTA Í HEIMINUM Fyrsta barn heimsins sem kemur í heiminum í gegnum leg sem hafði verið grætt í móðurina fæddist í Gautaborg í Svíþjóð um helgina. Vegna þess hversu vel tókst til ákváðu foreldrar barnsins að nefna barnið Vincent, sem þýðir „að bera sigur úr þýtum“. Móðirin, sem er 36 ára Sví, komst að því þegar hún var 15 ára að hún væri ekki með leg, sér til mikilla vonbrigða.



ÁSTAND HEIMSINS

THAI

Taíland

Hua Hin og Bangkok

framandi slóðir, slökun og góður matur

Taíland 20. nóv. – 1. des. 2014
16. – 27. mars. 2015

VERÐ FRÁ:

299.900 KR



4

KINDUR YFIR LUND-ÚNABRÚ Fjárhirðar nýttu í gær rétt sinn til að reka kindur yfir Lundúnabré. Með atburðinum var endurvakin 800 ára gömul hefð frá því þegar eingöngu var hægt að fara yfir Lundúnabré til að komast yfir Thames-ána án þess að þurfa að borga skatta.



5

NÚMER FJÖGUR Marina Silva, forsetaframbjóðandi fyrir hönd brasilíska sósíalístaflöksins, heldur fjórum fingrum á loft eftir að hafa kosið í gær. Silva er númer fjögur á kjörseðlinum en búist er við því að annaðhvort hún eða Aecio Neves etji kappi við sitjandi forseta, Dilma Rousseff, í þriggja vikna kosningabaráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



6

SMITUÐ Heilbrigðisstarfsmenn leiða í burtu hina níu ára Nowa Paye frá Líberíu eftir að í ljós kom að hún sýndi merki þess að hafa sýkst af ebóla-veirunni. Þrjú heilbrigðisstarfsmenn sóttu sex manneskjur sem eru grunaðar um að hafa smitast af ebóla í þorpinu Freeman.

Nánar um Taíland á urvalutsyn.is

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is



ÞRÆLGAMAN

KEMST ÉG Á LOFTBELG Í ENGJASELIÐ?



NÚ KOSTAR MINNA AÐ VITA MEIRA

1819 er ný upplýsingaveita sem veitir svör á hagkvæmari hátt en áður hefur þekkst. Hringdu núna – 1819 veitir alltaf svar.



S: 1819 | 1819.IS

Sex milljóna árlegur kostnaður er léttvægur:

Boðskapur friðar

Friðarsúlan í Viðey verður tendruð næstkomandi fimmtudag á fæðingardegum bítilsins og friðarsinnans Johns Lennon. Friðarsúlan var eins og flestir muna reist í Viðey árið 2007 og er í raun útilistaverk unnið af Yoko Ono til minningar um eiginmann hennar heitinn. Súlan er ták fyrir baráttu hjónanna fyrir heimsfriði og lýsir upp kvöldhimininn frá 9. október, fæðingardegum Lennon, ár hvert til og með 8. desember en þann dag var Lennon myrtur árið 1980. Að auki er Friðarsúlan tendruð nokkra aðra valda daga, á gamlárskvöld, í kringum vetrarsólstöður og á sérstökum hátíðardögum. Þá var hún tendruð sérstaklega í ágúst síðastliðnum til að minnst fórnarlamba átakanna á Gasa.



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

„Ljós er það sem heimurinn þarfnast. Við búum öll í skugga ótta og ringulreiðar í hinum mengaða heimi. Þetta ljós á

Íslandi verður aldrei slökkt, það er eilífðargeislinn sem við sendum út til heimsins og geimsins til að gefa von og sannfæringu um að draumar okkar geti ræst,“ sagði Yoko Ono þegar ákveðið var að reisa súluna.

Friðarsúlan kostar Reykjavíkurborg um sex milljónir króna á ári. Þetta kemur fram í svari menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur við fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í borgarráði. Sveinbjörg lagði fram fyrirspurnina í kjölfar þess að hún gagnrýndi að Jón Gnarr tæki á móti sex milljóna króna styrk úr friðarsjóði Yoko Ono. Hún taldi það skjóta skökku við að fyrirverandi borgarstjóri skuli þiggja styrk úr friðarsjóði Ono í ljósi þess að Reykjavíkurborg greiði fyrir rekstur súlnunnar. „Ég hefði allavega ekki tekið við þessum styrk,“ sagði Sveinbjörg við fréttastofu RÚV.

Reyndar tekur Jón Gnarr ekki persónulega á móti styrknum, eins og síðar hefur komið fram, heldur velur hann gott málefni sem friðarsjóðurinn styrkir síðan um þessa fjárhæð. Meðal fyrri styrkþega má nefna tónlistarkonuna Lady Gaga sem styrkti sam-tök sem berjast gegn einelti.

Friðarsúlan hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem eitt af kennileitum Reykjavíkurborgar. Hún leggur sitt af mörkum við að gera Reykjavík að einni af höfuðborgum friðar, mannréttinda og gleði sem er góður boðskapur og sérstaða sem við ættum að vera stolt af. En framlag og boðskapur Jóns Gnarrs í þá veru er eitt af því sem mun gera borgarstjórn hans ódauðlega. Í því samhengi verður sex milljóna árlegur kostnaður að teljast harla léttvægur.

Það er hlutverk minnihlutans í borgarstjórn að veita meirihlutunum nauðsynlegt aðhald, sérstaklega varðandi meðferð útsvars borgarbúa. Að því leyti eru spurningar borgarfulltrúans sjálf-sagðar. Að auki hefur minnihlutunum í borgarstjórn undanfarið, hvaða flokkar sem hann skipa, verið legið á hálsi fyrir að standa sig ekki í stjórnarandstöðu. Það er fínt til þess að vita að einhver ætlar að vera á vaktinni í andstöðunni næstu misseri.

Engu að síður vaknar upp mikilvæg spurning. Á hvaða vegferð er viðkomandi borgarfulltrúi? Þetta er annað málið sem hann setur á oddinn – áður hlaut hann verðskuldaða gagnrýni fyrir fordóma gegn múslimum og andstöðu við byggingu mosku hér á landi. Nú kemur hann sér í fjölmiðla fyrir að gera friðarsúlu og friðarstyrkveitingar til góðra málefna hennar tortryggilegar. Hvað kemur eiginlega næst?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

- Til sölu -

Toyota Landcruiser 150 GX

7 manna bíll - Nýskráður 10/2011 - Ekinn 71000

Aukahlutir, krókur, filmur, húddhlyf og gluggavindhlyfar



Verð 7.990.000 uppl síma 864 7272

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rödd samvissunnar

Hveitibrauðsdagar ríkisstjórnarinnar eru sannarlega löngu liðnir. Fylgið á meðal kjósenda mælist 38,5 prósent, samkvæmt mælingu Capacent. Það er um þremur prósentum minna en í síðustu könnun. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrirverandi forsætisráðherra, spyr hvort til of mikils sé mælt að fjármála-ráðherra skili lykklunum að ráðuneyti sínu. Og ungir sjálfstæðismenn, sem jafnan eru kallaðir rödd samvissu Sjálfstæðisflokksins, skora á flokksforystuna í ályktun að slíta samstarfinu við Framsóknarflokkinn. Svo er bara að sjá hvort forystan heyrir röddina.

Ríkisvernduð einokun

Ögmundur Jónasson,



þingmaður VG, gerir alvarlegar at-hugasemdir við ákvörðun Samkeppnis-efirlitsins um að leggja 370 milljóna króna sekt á Mjólkursamsöluna. Sektin var lögð á vegna þess að MS seldi samkeppnisaðila hrámmjólk á 17 prósentu hærra verði en aðilum sem eru tengdir MS. Ögmundur segir að kerfið kringum mjólkurframleiðslu virki vel, en það þyrfti að skoða betur fátæppi á smásölumarkaði. Afstaða Ögmundar virðist mótuð af þeirri skoðun að ríkisvernduð einokun sé eitthvað skárri en önnur einokun. Hann þarf að skýra betur hvernig það getur staðist.

Orð skulu standa

Már Guðmundsson seðlabankastjóri var gestur útvarps-



þáttarins Sprengisundur á Bylgjunni í gær. Þar sagði hann að ekki hefði verið staðið við gefin fyrirheit um umsamin laun. Hann sagðist ekki hafa áttað sig á að fá vilyrðið skriflegt, sagðist vera vanur um að starfa í umhverfi þar sem sögð orð standa. Hann fundaði með þáverandi forsætisráðherra, Jóhannu Sigurðardóttur, og taldi sig full-vissan um að launin tæku ekki þeim breytingum sem síðar varð. Þegar Már var skipaður seðlabankastjóri til ársins 2019 hafði hann á orði að til greina kæmi að hætta áður en skipunartíminn væri allur. Hann sagðist ekki vera að leita sér að öðru starfi, til þess hefði hann ekki nokkurn tíma.

jonhakon@frettabladid.is sme@frettabladid.is

HALLDÓR



Myndlist – vannýtt auðlind

MENNING



Hlynur Helgason lektor í listfræði við Háskóla Íslands og formaður Listfræðafélags Íslands

Stofnaður var sérstakur myndlistar-sjóður með lögum árið 2012 sem hefur það markmið að auðvelda þeim sem vinna við myndlist að koma metnaðarfullum verkefnum í framkvæmd. Fé úr sjóðnum hefur eflst sýnileika myndlistar á Íslandi og styrkt stöðir menningar-lífsins. Niðurskurður á fjárveitingum í sjóðinn ógnar því góða starfi sem þar hefur unnist.

Rannsóknir benda til þess að myndlist geti haft margþætt jákvæð áhrif á efnahagslífið. Öflug myndlist eykur framleiðni og tekjur hjá þeim sem vinna með beinum hætti við myndlist. Myndlist sem er sýnileg hefur jákvæð áhrif á menningartengda ferðamennsku, sem skilar þjóðarbúinu hvað mestum tekjum. Myndlist er einnig hvati fyrir fjölbreyttara menningarlífi sem laðar að sér hæft og vel menntað fólk, eins og til dæmis lækna.

Við stöndum okkur bærilega í því að styrkja kjarna myndlistarlífsins með listamannalaunum. Hins vegar skortir verulega leiðir til að koma starfi myndlistarmanna á framfæri. Sýnileiki listarinnar hér á landi gæti verið mun meiri og þar með menningarleg áhrif

→ Myndlist sem er sýnileg hefur jákvæð áhrif á menningartengda ferðamennsku, sem skilar þjóðarbúinu hvað mestum tekjum.

hennar. Þess vegna er myndlist hér á landi vannýtt auðlind; við nýtum ekki efnahagslega möguleika hennar nema að litlu leyti.

Stofnun myndlistarsjóðs fyrir þremur árum var þess vegna skynsamleg og hagkvæm aðgerð. Stefnt var að því að efla hann smátt og smátt með auknum fjárveitingum og auka þannig þjóðhagslegt gildi myndlistarstarfs til muna.

Það er því áhyggjuefni að í stað þess að styrkja sjóðinn hefur Alþingi skert fjárveitingar til hans verulega. Á síðasta ári drógust fjárveitingar saman úr 45 milljónum í 25 milljónir. Nú er lagt til að leggja einungis 15 milljónir til sjóðsins. Í stað þess að bæta hóflegu fé í sjóðinn, og efla þannig efnahagslegt gildi myndlistar, er grafið undan starfinu. Þannig verður myndlistin, því miður, áfram vannýtt auðlind.

AF NETINU

Fjölgun aldraðra ekki vandamál



Í nýlegri könnun Help Age International er lagt mat á félagslega og efnahagslega velferð eldri borgara í 96 löndum. Ísland er í sjöunda sæti á

listanum. Það kann hins vegar að koma á óvart að helsti munurinn á okkur og Noregi sem vermir fyrsta sætið er ekki efnahagslegar aðstæður aldraðra eða heilbrigði þeirra, heldur menntunarstig aldraðra. Þetta eru ánægjulegar niðurstöður en um leið hvatning til að gera enn betur. Öldruðum fjölga hratt um allan heim. Íslendingar 70 ára og eldri eru nú rúmlega 29.000. Eftir tuttugu ár verða þeir tvöfalt fleiri. Í mínum huga er fjölgun aldraðra ekki vandamál – heldur staðreynd.

blog.pressan.is/eyglohardar

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðgjafi

Rás 2 felld inn í Rás 1



Nú hefur Rás 2 verið töluð niður sem verðlaus. Hún sé lítið annað en einn maður og nokkrir hljómdiskar. Sérkenni

hennar við sölu auglýsinga hafa verið afmáð með flutningi leikinna auglýsinga á undan öllum fréttum Ríkisútvarpsins. Þá hafa morgunþættir rásanna tveggja verið sameinaðir. Allt bendir til að Rás 2 verði einfaldlega felld inn í Rás 1.

bjorn.blog.is

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðgjafi

Oflof og oflast

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Ég man eftir því þegar ég var að aka með föður mínum í gamla daga og það kom rigning. Það gat liðið drygklöng stund áður en hann greip til sinna ráða gagnvart henni. En þegar hann gerði það setti hann rúðupurrkurnar alltaf á allra mesta hugsanlegan hraða, hversu lítil sem rigningin var – þó að þetta væru bara nokkrir dropar – og þannig hélst það um nokkra hríð, jafnvel eftir að rúðan var löngu orðin þurr og farið að ískra í henni. Hann var að hugsa um annað – með hausinn fullan af ótal hlutum, eins og það hét.

Mér dettur þetta stundum í hug þegar ég fylgist með íslenskri þjóðfélagsumræðu. Stundum er eins og vanti í hana einhvers konar miðstig, kannski hina frægu meðalhófsreglu; stundum er eins og umræðan taki ekki mið af aðstæðum heldur nýlundunni og skemmtanagildinu.

„Hún Ísafold er besta þjóð ...“

Ég hitti á dögnum tékkneska konu sem átt hafði þess kost að hlýða á forseta Íslands tala um land sitt og þjóð í fyrirlestri við háskóla í landi hennar. Ég innti hana nánar eftir fyrirlestrinum. Hún hugsaði sig um, kurteislega, og sagði svo eitthvað á þá leið að hún teldi ekki að sumar þjóðir væru snjallari en aðrar við lausn

einhverra mála, enda hefðu þjóðir ekki eiginleika einstaklinga. Ég kinkaði kolli, skömmustulegur, leið eins og þetta væri mér að kenna, sem það náttúrulega var alls ekki – ekki frekar en þegar ég var í Danmörku árið 2007 að borða ís með dætrum mínum og tvær rosknar konur sögðu við mig byrstar – eins og bara rosknar danskar konur geta orðið byrstar – þegar þær urðu þess áskynja að við værum íslensk: „Þið eruð alltaf að kaupa eitthvað hér!“ Ég muldraði eitthvað um að ég hefði nú bara verið að kaupa ís en ekki Magasin du nord. En mér leið eins og þetta væri allt saman mér að kenna. Sem það var ekki.

En sem sé: forsetanum hættir til þess að tala um okkur erlendis eins og bílasali að selja bíl sem hann er innst inni ekki viss um að sé nógu góður.

Þetta er ein hliðin. Hin hliðin speglar þetta oflof og oflast. Umræðan sem Gunnar Smári stendur fyrir um að gerast nokkurs konar próventufólk í norska ríkinu er sögð góð og gagnleg því hún dragi svo vel fram hversu langt að baki Norðurlandþjóðum Íslendingar standa á ótal sviðum. Það gerum við áreiðanlega – og gerðum það reyndar líka þegar við stöðum í útrásinni, vansællar minningar. Gallinn er bara sá að hugmyndin um aðild að Noregi er mýrarljós. Þetta verður aldrei. Það er verið að eyða umtalsverðu hugviti, orku og fjöri í hugmynd sem allir vita innst inni að er bara leikur að hugsanlegum möguleika – óraunhæf – og þegar það rennur upp fyrir fólki, sem það mun gera (eins og það rann upp fyrir Íslendingum á sínum tíma að það

var enginn grundvöllur fyrir viðskiptaútrásinni til Norðurlanda), þá verður allt svart og ömurlegt og allar umbætur og hugmyndir að betra samfélagi virðast jafn óraunhæfar og þessi reyndist vera. Milli þess að leggja undir sig Norðurlönd og leggjast undir Norðurlönd hlýtur þó að vera einhver millivegur: til dæmis að reyna að vera fullgild Norðurlandþjóð, taka okkur til fyrirmyndar það besta úr þjóðfélagslausnum þeirra. Og svo beina sjónum að aðild að ESB sem er raunhæfur valkostur – og innan seilingar ef við kjósum svo. Það er eins og sá valkostur sé of raunhæfur til að vekja áhuga fólks.

Ísland er ónýtt – auðlind

Skrýtið. Við erum ýmist einhver mikilfenglegasta þjóð allra tíma eða þá bara alls engin þjóð. Annaðhvort fór bara þjóðarhratið til Ameríku á sínum tíma eða þá eina fólkið sem eitthvað gat. Annaðhvort er allt einskis virði nema bændur eða þá allt sem aflaga hefur farið var bændum að kenna. Annaðhvort dóu allir sem eitthvað gátu eða bara afburðafólkið sem lifði af móðuharðindin. Í umræðuna hér vantar svo oft eitthvert millisvæði, kannski áhuga á sjálfum veruleikanum, sem alltaf er síkvikur, mótsagnakenndur og erfiður viðureignar.

Og við verðum að reyna að takast á við hann. Við verðum að vera raunsæ. Við ættum ekki eyða orku okkar og hugkvæmni í asnalegar og óraunhæfar hugmyndir, þó að asnalegar hugmyndir séu miklu skemmtilegri en þær raunhæfu. Það er töluvert alvörumál að vera Íslendingur um þessar mundir. Undir fótum okkar dunar sjálf

Forsetanum hættir til þess að tala um okkur erlendis eins og bílasali að selja bíl sem hann er innst inni ekki viss um að sé nógu góður.

Jörðin með öllum sínum feiknum og ósamið er um skrilljónaskuldir útrásarmannanna. Allt getur gerst en þar með er ekki sagt að allt eigi eftir að gerast – kannski ekkert. En það hefði verið ágætt að hafa í forsvari fyrir þjóðina fólk sem hægt er að taka mark á þegar það tjáir sig um landshagi, talar af yfirvegum en bullar ekki bara. Ísland er ónýtt auðlind en unga fólkið okkar verður að fá þá tilfinningu að hér sé þess vert að búa, það verður að fá þúsund sinnum betra kaup, betri opinbera þjónustu, betri innviði, meiri skynsemi, meiri andagift, skemmtilegra og gjöfuga líf og kærleiksríkari stjórnámamenn.

Hér er ung og vel menntuð þjóð sem getur skapað miklu meiri verðmæti en henni er gefinn kostur á að gera. Ótal margt hefur farið aflaga hjá okkur en hér er líka sköpunarorkan geysileg, samfélagið er dýnamískt (já og þrasgjarnt); tækniþekking útbreidd, fjölbærni töluverð, tengslin sterk og líka sú menning að fólk eigi að reyna að bjarga sér og hjálpa öðrum. Það er helsta verkefni íslenskra stjórnamála nú að við fáum fólk til að stjórna landinu sem er eins og fólk og hugsar eins og fólk. Þá getur Ísland alveg verið land fyrir Jóhann.

Dagurinn er bara allur annar

SOLGRYN

Ota haframjölíð er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota Solgryn er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

MERKISATBURÐIR

1895 Samkomuhús Hjálpræðis-hersins í Reykjavík er vígt við Aðalstræti.

1919 Sett eru lög um stofnun hæstaréttar á Íslandi.

1961 Hálfir aldar afmælis Háskóla Íslands er minnst og Háskólabíó vígt við það tækifæri.

1980 Jarðstöðin Skygnir er tekin í notkun og var þá komið gervihnattasamband við útlönd.

2008 Geir Haarde forsætisráðherra Íslands flytur sjónvarpsávarp þar sem hann biður Guð að blessa Ísland.



PETTA GERÐIST: 6. OKTÓBER 1991

Taylor giftist í áttunda sinn

Pennan dag árið 1991 gekk bandaríska kvikmyndastjarnan Elizabeth Taylor óhikað og full bjartsýni upp að altarinu í áttunda sinn.

Sá heppni var vörubílstjórinn Lawrence Lee Fortensky, sem Liz kallaði ávallt Larry. Þau voru gefin saman við hátíðlega athöfn í Neverland, búgarði Michaels Jackson, sem var besti vinur brúðarinnar.

Turtildúfurnar kynntust í áfengismeðferð í þurrkví fræga fólksins, kenndri við Betty Ford.

Hún var tuttugu árum eldri. En þótt Liz færi nú með hjúskapareiðinn í áttunda sinn var Larry bara eiginmaður númer sjö, þar sem Liz hafði tvisvar gengið í hjónaband með breska stórleikaranum Richard Burton; fyrst í mars 1964 og aftur í október 1975, eftir að þau höfðu verið skilin í sextán mánuði.

Fyrri eiginmenn Elizabeth Taylor voru Conrad „Nicky“ Hilton, Michael Wilding, Michael Todd, Eddie Fisher, Richard Burton og John Warner.



Komin alla leið frá Kenía á styrktartónleika

Hin keníska Lucy Odipo, sem rekur Little Bees, 300 barna skóla í fátækrahverfi í Naíróbí, er komin hingað til lands í boði íslenskra fjölskyldna sem styrkja börn í skólanum. Hún er heiðursgestur á styrktartónleikum í Fríkirkjunni sem haldnir verða á miðvikudag.

„Hún Lucy hefur aldrei farið í flugvél áður og var alveg hissa hvað það var góð reynsla. Við fórum nokkur saman út á flugvöll á föstudaginn að taka á móti henni og borðuðum svo saman hjá Margréti Kristínu (Fabúlu). Það var frábær dagur,“ segir Dóra Kristín Briem. Hún er í stjórn samtakanna Vinir Kenía sem buðu Lucy Odipo hingað til lands en Lucy helgar líf sitt börnum í fátækrahverfi í Naíróbí í Kenía. Lucy rekur þar skóla sem kallaður er Little Bees og er orðinn eins og miðstöð vonar um framtíð og betra líf fyrir börnin. Lucy er 64 ára. Hún býr í kofa á skólalóðinni með fimmtán aukarúmum og leyfir börnum að búa hjá sér sem eiga ekki í önnur hús að venda.

Í nokkur ár hafa Íslendingar styrkt börn í þessu hverfi og einnig fjármagnað að hluta nýjar skólabýggingar. „Það eru 60 börn sem um 50 íslenskar fjölskyldur styrkja og sá félagsskapur hefur eiginlega safnað fyrir öllum skólabýggingunum. Þær voru bara bárujárnskofar með moldargólfum. Í sumum voru trébekkir og borð en í öðrum ekkert, engar bækur og engin skriffæri,“ lýsir Dóra. Nú segir hún tveggja hæða skólahús risið og litla hlíðarbyggingu við sem hýsir leikskóla, hvorutveggja fyrir atbeina Íslendinga.

Lucy Odipo verður á landinu í tíu daga og hún verður heiðursgestur á styrktartónleikum sem haldnir verða í Fríkirkjunni á miðvikudaginn 8. október. Þar koma fram Bogomil Font ásamt Tómasi R. Einarssyni, Ómari Guðjónssyni og Kjartani Hákonarssyni, Védís Hervör Árnadóttir ásamt Þórhalli Bergmann og Ásgeiri Ásgeirssyni, Unnsteinn Manúel ásamt Tómasi Jónssyni og Gylfa Sigurðssyni. Unnur Birna Björnsdóttir, Jón Ólafsson, Hildur Vala Einarssdóttir og Fabúla ásamt barnakór.

„Allir listamennirnir vilja gefa vinnu sína en allt sem inn kemur rennur til Little Bees-skólans,“ segir Dóra og tekur fram að tónleikarnir í Fríkirkjunni hefjist klukkan 20 og 2.500 kall kosti inn.

gun@frettabladid.is



LUCY LENT Á ÍSLANDI Dóra Kristín, Lucy Odipo, Brynhildur Jónsdóttir, Janes Samua, fylgdarmaður Lucy, og Margrét Kristín Sigurðardóttir (Fabúla).
FRÉTTABLAÐIÐ/ENIR



LUCY OG SYLVÍA Sylvía er útskrifuð úr Little Bees-skólanum og gengur vel í framhaldsskóla.

Saga Sylvíu

Stúlkan Sylvía Mwanikha er dæmi um hvað skólinn og styrktarforeldrar geta breytt miklu fyrir barn sem fæðist inn í erfiðar aðstæður fátækrahverfisins.

Sylvía hætti að geta hreyft annan handlegginn eftir bólusetningu þegar hún var ungabarn. Hún var niðurlát lítil stúlka sem fannst hún ekki geta staðið jafnfætis öðrum börnum en á örfáum árum gjörbreyttist líf hennar. Íslenskir stuðningsforeldrar hennar stóðu fyrir söfnun og kostuðu aðgerð á handleggnum sem hún getur núna notað.

Hún er útskrifuð úr Little Bees-skólanum og komin í framhaldsskóla þar sem henni gengur vel. Hún er hamingjusöm og stefnir á að verða lækni.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

HÓLMGEIR JÚLIUSSON

sem lést sunnudaginn 28. september verður jarðsungið frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 8. október kl. 15.00.

Kristjana Björg Þorsteinsdóttir
Kristján Hólmgeirsson
Július Hólmgeirsson
Guðbjörg S. Hólmgeirsdóttir
Jónas Hólmgeirsson
Harry Þór Hólmgeirsson
Sveinbjörn Hólmgeirsson
 afabörn og langafabörn.

Nýtt á heimsvísu

VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

Graníthöllin Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHUTUM

VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Elin Sigrún Jónsdóttir
frankvæmdastjóri

Ísleifur Jónsson
útfararstjóri

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Reynsla – Umhyggja – Traust

Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta

Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta

Frimann Andrésón
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum
önnunust við alla þessi þjónustunnar
Með virðingu og umhyggju að leiðarjóni

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

ÚTAFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA




Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GYÐA GUÐJÓNSDÓTTIR
Goðheimum 1,
Reykjavík,

sem lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 23. september, verður jarðsungið frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 8. október kl. 15. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð Þorsteins Bjarnasonar, sem styrkir sjónskerta til framhaldsnáms, reikningsnr. 0111-26-5712, kt. 571292-3199, skýring: Þorsteinsjóður.

Valgerður Franklinsdóttir
Svanfríður Franklinsdóttir
og fjölskyldur.

Hrafnkell Eiríksson
Guðni Axelsson



Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

PÁLL STEINAR BJARNASON

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands 2. október. Minningarathöfn verður í Vídalinskirkju fimmtudaginn 9. október klukkan 11.00. Hann verður jarðsungið frá Hafnarkirkju í Hornafirði föstudaginn 10. október klukkan 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.

Gróa Ormsdóttir
Helga Lilja Pálsdóttir
Birna Þórunn Pálsdóttir
Páll Rúnar Pálsson
Jón Pálsson
Björk Pálsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.

Sturlaugur Þorsteinsson
Sigurður Grímsson

Hrönn Björnsdóttir
Geir Þorsteinsson

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

BLEIKA SLAUFAN Á FRÍMERKI

Krabbameinsfélagið hefur hannað frímerki með Bleiku slaufunni og hefur Pósturinn tekið það í sölu. Allur ágóði af sölu frímerkisins rennur beint til Bleiku slaufunnar, herferðar Krabbameinsfélagsins gegn krabbameinum í konum.



nettó24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ
GRANDA OG MJÓDD
DAG SEM NÓTT



JÓLASKAP

Það er ágætt að byrja jólaínnkaup snemma til að draga úr stressi auk þess sem það kemur betur út fyrir budduna. MYND/GETTY

TÍMANLEGA FYRIR JÓLIN

GLEÐILEG JÓL Það er gott að sýna fyrirhyggjusemi fyrir jólin og byrja snemma að kaupa jólagjafir. Margar verslanir eru með góð tilboð þessa dagana og um að gera að nýta sér þau og minnka stressið í desember.

Á sumum heimilum eru jólagjafakaup stór liður í heimilisbókhaldinu. Margar gjafir þarf að kaupa og fimmþúsundkallarnir fljóttir að fjúka. Gott er að setja saman lista strax í byrjun október yfir gjafir sem þarf að kaupa. Síðan ætti gefandinn að reyna að forvitnast um hvað kæmi sér vel hjá viðkomandi jólabarni og grípa vöruna á tilboðsdögum verslana. Það er hægt að spara mikla peninga með fyrirhyggju. Hins vegar þarf að athuga að flestar verslanir eru með skilafrest í einn mánuð nema samið sé um annað.

Rannsóknarsetur verslunarinnar hefur birt spár fyrir jólin um komandi jólavertíð. Að sögn Emils B. Karlssonar forstöðumanns verður spáin í ár ekki tilbúin fyrr en í byrjun nóvember. Á síðasta ári varð nokkur aukning í jólasölu frá árinu áður eins og búist hafði verið við.

„Fólk er ekki alveg komið í jóla-skapið enn þótt snjóað hafi í Esjuna. Við sendum tilkynningu og beiðni eftir tillögum fljóttlega. Síðan er sett upp ákveðin valnefnd en hún finnur út jólagjöfina í ár,“ segir Emil. „Við munum í leiðinni koma með áætlun um hver jólaverslunin gæti orðið. Þá

er velta ársins skoðuð og spár gerðar eftir henni. Miðað við þá aukningu sem orðið hefur í einkaneyslu á þessu ári má búast við að hún eigi eftir að aukast talsvert frá fyrra ári. Dregið hefur úr verðhækkunum, sumar vörutegundir lækkað og gengið styrkst. Allt þetta gefur vonir um aukna veltu í verslun,“ segir Emil. „Við vitum að það hefur orðið mikil aukning í sölu raftækja á þessu ári. Vörugjaldslækkun sem kemur til framkvæmda eftir áramót er í sumum verslunum þegar komin á. Það er jákvætt,“ segir Emil.

Sandra Arnardóttir, verkefnastjóri markaðsdeildar hjá Smáralind, segir að kaupmenn séu bjartsýnir með jólasölu. Um 25-30 þúsund manns komu í Smáralind á miðnæturoppnun á fimmtudag til að nýta sér afslætti sem í boði voru. „Það var greinilegt að fólk var að kaupa jólagjafir og nýta sér afslætti. Við höfum verið með vel heppnaða miðnæturoppnun tvisvar á ári,“ segir Sandra. Þegar hún er spurð hvort fleiri slíkir tilboðsdagar verði til jóla, segir hún það ekki ákveðið. „Yfirleitt eru þetta óvæntar uppkomur, ákveðnar með stuttum fyrirvara.“

■ elin@365.is



TILBOÐ Sandra Arnardóttir segir að einhverjir séu þegar byrjaðir að kaupa jólagjafir.



RANNSÓKN Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar, segist búast við meiri jólasölu en í fyrra.

TUDOR RAFGEYMAR



Veldu öruggt start með TUDOR.

TUDOR SKORRI **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð	Verð
153x203	144.900 kr.
160x200	149.900 kr.
180x200	169.900 kr.
180x210	179.900 kr.

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

malis.is

INNANHÚSSMÁLNING
MIKIÐ ÚRVAL AF VOTRÝMISMÁLNINGU
MEÐ SVEPPAVÖRN -GLJÁSTIG 3-20-40%

TEKNOS
TIMANTII 20

TEKNOS malis
WOODEX

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS
- vörn til frambúðar
Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is



VEGGSKREYTING
„Við erum í leigu-
húsnæði svo það
má ekki mikið bora í
veggi og eins fannst
mér ekki heillandi
að eiga á hættu að
eitthvað gæti dottið
yfir okkur ef það
kæmi jarðskjálfti.“
Svartir vegglim-
miðar urðu fyrir val-
inu sem auðvelt er
að taka niður aftur.
MYNDIR/SARA HLÍN

LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR

Barskápar	Sófasett	10-70% afsláttur af völdum vörum
Glerskápar	Tungusófar	
Skenkar	Hornsófar	
Speglar	Stakir sófar	
Sófaborð	Borðstofuborð	
Bókahillur	Sjónvarpsskápar	
Púðar	Fjarstýringavasar	

Sjónvarpsskápur Salsa **99.900 kr.**
Verð áður 428.900 kr.

Sjónvarpsskápur Cubic TV2 **19.900 kr.**
Þú sparar 40.000 kr.

Dýnustærð 193x200 **69.900 kr.**
Verð á dýnu
Verð með botn 99.000 kr.

Skenkur 216,5x55x84 cm **19.900 kr.**
Verð áður 28.000 kr.

77.000 kr.
Þú sparar 144.900 kr.

**ÍSLENSKIR SÓFAR Í ÖLLUM STÆRÐUM
SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM**

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti
HÚSGÖGN

SVART OG HVÍTT

HEIMILI Sara Hlín Hilmarsdóttir lífsstílsbloggari er að koma sér fyrir á nýju heimili á Selfossi. Hún segir vegglimmiða sniðuga leið til að hressa upp á leiguhúsnæði þar sem síður má bora í vegg.

Við fluttum úr 150 fermetra húsnæði í rétt um 40 fermetra. Undanfarið hef ég því verið að græja og gera fínt hjá okkur,“ segir Sara Hlín Hilmarsdóttir lífsstílsbloggari þegar hún er spurð út í nýjstu framkvæmdirnar á heimilinu.

Meðal annars fékk svefnherbergi fjölskyldunnar andlitslyftingu. „Strákurinn okkar sefur núna inni hjá okkur og mig langaði til að gera hornið hans meira fyrir hann en tengja það samt svefnherberginu. Ég bjó því til nafnið hans úr stafaborða sem ég fékk frá Omdesign og hengdi yfir rúmið óróa eftir Fanneyju Svansdóttur, með svartri, hvítri og gulri flugvél. Svo horfði ég á þennan stóra hvíta vegg sem er við bæði höfðagaflinn okkar og hans og velti fyrir mér hvað ég ætti að gera. Við erum í leiguhúsnæði svo það má ekki mikið bora í vegg og eins fannst mér ekki heillandi að eiga á hættu að eitthvað gæti dottið yfir okkur ef það kæmi jarðskjálfti. Ég hafði séð skemmtilega vegglimmiða, krossa, á erlendum bloggum og rakst svo á þá hjá Form límmiðar. Ég plataði karlinn minn í að setja þá upp og er ótrúlega ánægð með útkomuna. Hann bölvaði mér nú svolítið þegar hann hófst handa og þurfti að mæla allt út. En þó kom okkur á óvart hvað þetta var fljótlegt. Svona límmiðar eru frábærlega sniðugir til að skreyta leiguhúsnæði.“


Sara segist vera frekar minimalísk þegar hún er meðin að lýsa stílnum á heimilinu. Hún sé hrifin af klassískum hlutum og fer varlega í litaval.

„Ég vil hafa alla vegg hvíta og nota frekar litla auka hluti til að poppa upp. Ég er hrifin af svörtu og hvítu en þá er auðvelt að leika sér að því að bæta einhverju við sem er í tísku. Til dæmis passar koparliturinn sem er mikið núna vel við svart og hvítt. Það er nauðsynlegt að breyta alltaf aðeins til. Þá er svo gaman að koma heim.“

Sara Hlín hefur bloggað um innanhússhönnun, tísku og lífsstíl á www.fagurkerar.is síðasta ár auk þess að stunda stíllistanám í fjarnámi við London College of Style. „Ég lýk náminu um áramótin og svo taka vonandi spennandi tímar við,“ segir Sara.



LÍFSSTÍLSBLOGGARI Sara Hlín Hilmarsdóttir bloggari á Fagurkerar.is og stundar stíllistanám í fjarnámi við London College of Style.



SMART Sara Hlín segir nauðsynlegt að breyta reglulega til og raða hlutum upp á nýtt. Þá sé svo gaman að koma heim.

Frón

Hafðu það
Kósý
tvær ómótstæðilegar tegundir

Hjúpaðar kóskökukur með súkkulaðibitum
Hjúpaðar piparmintukökukur með súkkulaðibitum

Kósý
Hjúpaðar kóskökukur með súkkulaðibitum

Kósý
Hjúpaðar piparmintukökukur með súkkulaðibitum

Fæst í næstu verslun
Frónkex kemur við sögu á hverjum degi...
www.fronkex.is

HEILBRIGÐ KYNFÆRI KVENNA

RARITET KYNNIR „For Women“ frá OptiBac hefur öfluga virkni gegn bakteríusýkingum, þvagfærasýkingum og sveppasýkingum á kynfærasvæði kvenna.

For Women er áhrifarík lausn fyrir konur sem vilja náttúrulega og dugandi leið gegn hvítleiðum sýkingum á kynfærasvæði.



EYGLÓ LINDA HALLGRÍMSDÓTTIR
næringarþerapisti

„For Women“ markar tímamót sem fyrirbyggjandi meðferð og forvörn gegn bakteríusýkingum, þvagfærasýkingum og sveppasýkingum á kynfærasvæði kvenna. Það hefur verið rannsakað á fleiri en 2.500 konum í rúmlega þrjátíu ár í fjölmörgum klínískum rannsóknum og gefa niðurstöður góðar vísendingar um virkni gegn ofantöldum sýkingum.“ segir Eygló Linda Hallgrímsdóttir, næringarþerapisti C.E.T.

Eygló hefur áralanga reynslu af því að aðstoða fólk við hin ýmsu vandamál sem tengjast heilsu og næringu.

„Það er viðurkennt að meltingarflóran hefur gríðarleg áhrif á heilsu fólks og mikilvægi þess að halda flórunni í góðu jafnvægi gegnir lykilhlutverki í því að viðhalda heilbrigðu ónæmiskerfi og stuðla að góðri næringarupptöku. Þá er ekki síður mikilvægt að viðhalda góðu jafnvægi á bakteríuflóru kynfærasvæðisins og

ekki nóg að bakteríuflóra meltingarkerfisins sé góð til að leiðrétta eða fyrirbyggja vandamál vegna sýkinga á kynfærasvæði. Því er góð viðbót við aðrar bætibakteríur (probiotic-vörur) á markaðinum að hafa blöndu eins og „For Women“ frá OptiBac til að byggja upp bakteríuflórana beint á kynfærasvæði kvenna,“ segir Eygló.

Sjö af hverjum tíu konum fá einkenni sveppasýkingar á kynfærasvæði einhvern tímann á ævinni og ein af hverjum tíu finnur fyrir einkennum allt að fjórum sinnum á ári. Um helmingur kvenna fær þvagfærasýkingu að minnsta kosti einu sinni á ævi sinni og 30 prósent kvenna eru með króníska sýkingu vegna sama vandamáls. Þá fær þriðjungur kvenna þrálátar bakteríusýkingar sökum þess að sýklalyf virka einungis til skamms tíma.

„Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að með tilkomu „For Women“ er loks komin lausn sem virkar á náttúrulegan hátt,“ segir Eygló.



GÓÐAR BAKTERÍUR TIL VARNAR

OptiBac Probiotics „For Women“ er tekið inn sem hefðbundið fæðubótarefni.

„Bakteríublandan fer í gegnum meltingarkerfið niður á kynfærasvæðið og sest þar að með fulla virkni gegn sýklum, gersveppum og óæskilegum bakteríum. Á kynfærasvæðinu byggir „For Women“ upp gott umhverfi heilbrigðrar bakteríuflóru sem



FYRIR KONUR „For Women“ frá OptiBac er örugg, náttúruleg og virk lausn gegn þrálátum sýkingum á kynfærasvæði kvenna.

dafnar og verndar þetta viðkvæma og mikilvæga svæði,“ segir Eygló.

Bakteríusýkingar á kynfærasvæði eiga meðal annars upptök sín í leggöngum vegna ójafnvægis í bakteríuflóru góðra og slæmra baktería.

„Á sama hátt og í þörmum má laga vandann með því að leiðrétta bakteríuflórana með inntöku Probiotics-gerla. Konur á blæðingum eru líklegri til að þjást af þvagfærasýkingu

vegna lágs hlutfalls estrogens en hátt hlutfall estrogens bætir bakteríuflórana og þar með varnir líkamans á náttúrulegan hátt.“

VIK, ÖRUGG OG NÁTTÚRULEG LAUSN

„For Women“ inniheldur meðal annars tvo stofna af öflugum bakteríum; Lactobacillus rhamnosus GR-1© og Lactobacillus reuteri RC-14. Það eru einu gerlarnir sem sannað hefur verið í klínískum rannsóknum að komist lifandi í gegnum meltinguna að kynfærasvæði.

Allar aðrar vörur sem innihalda flórubætandi bakteríur setjast að í þörmum og er ætlað að vinna þaðan gegn sýkingum á kynfærasvæði. OptiBac „For Women“ kemst í gegnum meltinguna að kynfærasvæði á þremur til fjórum dögum, sest þar að, fjólgar sér og virkar gegn óæskilegum bakteríum á kynfærasvæði kvenna.

Til að koma í veg fyrir endurteknar sýkingar, slá á einkenni og gera meðferðina áhrifaríka getur verið gott að taka „For Women“ samhliða sveppa- og sýklalyfjum, séu þau notuð sem meðferðarúrræði.

„For Women“ frá OptiBac Probiotics er til inntöku. Mælt er með að taka tvö hylki á dag, tveimur tímum eftir að sýklalyf er tekið inn sem meðferð. Konur með endurteknar sýkingar eða krónísk einkenni geta tekið eitt hylki á dag sem forvörn.

„For Women“ er örugg, náttúruleg og virk lausn. Engar aukaverkanir eru þekktar við lyf né önnur bætiefni. Má taka inn samhliða hefðbundnum bætibakteríum (probiotics) fyrir þarma- og meltingarveg.

Nánari upplýsingar á www.facebook.com/optibaciceland og í flestum apótekum og heilsuverzlunum um land allt.

BESTA FORVÖRNIN ER GÓÐ BAKTERÍUFLÓRA

Heilbrigð bakteríuflóra í meltingarvegi gegnir mikilvægu hlutverki í góðri heilsu. Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið.

Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics-gerlana,“ segir jógakennarinn Marta Eiríksdóttir.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Því fylgir tilheyrandi vanlíðan, þreyta og orkuleysi en eftir að ég byrjaði að nota OptiBac Probiotics-gerlana hef ég ekki fundið fyrir þessum hvítleiðu einkennum.“

Streita, lélegt eða einhæft mataræði og sýklalyfjagnotkun hafa neikvæð áhrif á þarmaflórana, ásamt mikið unninni matvöru sem skortir nauðsynlega gerla sem bæta þarmaflórana. Því er ráðlagt að taka inn vel rannsakaða meltingargerla á degi hverjum.

Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar baktaríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir 70 prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería, eins og loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu, og ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla: ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspæstum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma.

Auk þess að nota One Week Flat á hverjum degi notar Marta For Every Day Extra (sterkan) sem hefur einstaklega góða virkni og inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríuteigundir. Þar má nefna L. Acidophilus NCFM® sem hefur fengið lofsamlega umfjöllun í yfir 75 viðurkenndum vísindaritum.



EXTRA STERKUR FYRIR DAGLEGA HEILSU (PROBIOTIC)

- Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dag-skammti.
- Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríuteigundir, m.a. L. Acidophilus NCFM® - yfir 75 greinar birtar í viðurkenndum vísindaritum.
- Vinnur á IBS (Irritable bowel syndrome) - 20 prósent fólks þjást af IBS.
- Virkni hefur verið sönnuð í fjölmörgum rannsóknum, eins og við IBS, ofnæmi og fyrir þá sem eru á sýklalyfjum. Er ónæmisbætandi fyrir eldra fólk.

Mælt með fyrir alla sem lifa hröðu og streituvaldandi lífi, þá sem nota sýklalyf oft eða að staðaldri og fólk með meltingarvandamál, svo sem: IBD (Ulcerative colitis, Diverticulitis, Crohn's disease), Candida-öfvöxt eða IBS.



VELLÍÐAN Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af OptiBac Probiotics-gerlunum sem komu meltingu hennar í fullkomið lag. MYND/DANIEL

FÁÐU FLATAN MAGA

Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum? Þá er lausnin fundin með hjálp vinveittra meltingargerla frá OptiBac Probiotics.

Ég get ekki hugsað mér að vera án gerlanna,“ segir Marta Eiríksdóttir jógakennari um

OptiBac Probiotics-gerlana sem hún hefur notað að staðaldri í ár.

„Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursýkurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuþoli,“ segir Marta, sem reynir eftir megni að sneiða hjá mjólkurvörum, sykri, glúteni og unnum kjötvörum.

„Líkami minn þolir ekki þessar matvörur. Meltingin fer úr skorðum og ég verð þreytt og orku-

laus. Vissulega getur verið erfitt að sneiða hjá þessum fæðutegundum en þegar ég borða mat sem ég þoli illa á ég alltaf til poka af „One Week Flat“ í veskinu.“

Marta mælir hiklaust með OptiBac Probiotics-vörum.

„Ég nota „One Week Flat“, sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvíð flatar. Það er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga. Einn af hverjum fimm fær þaninn maga, einu sinni eða oftár í mánuði, sem getur stafað af fæðuþoli, streitu, fyrirtíðaspennu, tíðahvörfum eða lélegu mataræði. Því er gott að nota „One Week Flat“ til að draga úr áhrifum þungs matar og sætinda.“



GÓÐUR ÁRANGUR Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af OptiBac Probiotics-trefjunum og notar „For a Flat Stomach“ til að fá flatan maga.

HVAR FÆST OPTIBAC PROBIOTICS ?

